

Forsætisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Forsætisráðuneytið
Dagsetning: 7. maí 2001
Málsnúmer: FOR00070041
Bréfalykill: 057 Seðlabanki Íslands (nýtt í jan. 2000)

Efni: Tillögur um breytingar á frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands.

Í kjölfar umræðna í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og yfirferð umsagna sem nefndinni hafa borist um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands vill forsætisráðuneytið leggja til nokkrar breytingar á frumvarpinu.

1. Í 2. mgr. 17. gr. og 2. mgr. 37. gr. er vísað til fjármálastofnana. Hugtakið fjármálastofnun hefur ekki skilgreinda merkingu að lögum og því heppilegt að losna við hugtakið úr frumvarpinu. Vegna þess er lagt til að 1. másl. 2. mgr. 17. gr. orðist svo: *Seðlabankanum er óheimilt að annast viðskipti við einstaklinga og fyrirtæki sem samkvæmt lögum, verju eða eðli máls teljast verkefni annarra.* Jafnframt er lagt til að 3. másl. 2. mgr. 37. gr. orðist svo: *Reglur um viðurlög skulu kynntar Fjármálaeftirlitinu og þeim stofnunum sem þær taka til.*
2. Í 2. mgr. 23. gr. er fjallað um skipunartíma bankastjóra Seðlabankans. Nokkrar ónákvæmni gætir í orðalagi og þykir rétt að leggja til breytingar vegna þess. Lagt er til að aftan við 3. másl. 2. mgr. 23. gr. komi: *þó má skipa bankastjóra sem ekki er formaður bankastjórnar og er á síðara skipunartímabili sínu formann bankastjórnar til sjö ára.* Þá falli út 4. og 5. másl. 2. mgr. 23. gr. Með þessari breytingartillögu er ekki verið að gera efnislega breytingu heldur einungis að skýra þá hugsun sem liggur að baki þessu ákvæði. Eins og fram kemur í athugasemdum með greininni er tilgangurinn með þessari undanþágu að heimilt verði að skipa bankastjóra sem ekki er formaður bankastjórnar í stöðu formanns bankastjórnar og þá í fullt sjö ára tímabil.
3. Lagt er til að í 27. gr. verði kveðið á um að tvo bankaráðsmenn þurfi til óska bankaráðsfundar. Frumvarpið gerir ráð fyrir fjölgun í bankaráði Seðlabanka Íslands úr fimm í sjö og má telja eðlilegt að ef bankaráðsmenn eigi að geta óskað eftir fundi þurfi tvo til að svo verði.
4. Í 1. másl. 2. mgr. 37. gr. þarf að bæta orðunum *og verðbréfasjóði* aftan við orðið lánastofnanir. Samkvæmt 11. gr. frumvarpsins má setja reglur um bindihlutfall hjá verðbréfasjóðum og því þykir rétt að beita megi þá viðurlögum ef ekki er farið að reglunum.
5. Lagt er til að másl. í 2. mgr. 37. gr. sem hefst á orðunum *Sé vanræksla ítrekuð* falli út. Sjaldnast mun það þykja næg ástæða til starfsleyfissviptingar að aðili fylgi ekki einum eða fleiri reglum sem Seðlabankinn setur. Fjármálaeftirlitið mun eftir sem áður fylgjast með því að farið sé eftir þeim reglum sem Seðlabankinn setur og brot á þeim mun verða liður í mati stofnunarinnar á því hvort fella eigi starfsleyfi úr gildi.
6. Lagt er til að í lok 40. gr. komi: *Framlag Seðlabanka Íslands í Vísindasjóð greiðist í síðasta skipti á árinu 2001.* Seðlabankinn hefur fram til þessa greitt hluta af hagnaði sínum í Vísindasjóð og þykir rétt að tilgreina sérstaklega að því fyrirkomulagi skuli ljúka á þessu ári.

Af 1. og 2. mgr. 23. gr. er ljóst að formaður bankastjórnar er jafnframt einn þriggja bankastjóra bankands. Gengur það annars vegar fram í eftirfarandi skáletrun „Í bankastjórn Seðlabanka Íslands sitja þrír bankastjórar og er einn þeirra formaður bankastjórnar“ og hins vegar í þessari: „Forsætisráðherra skipar formann bankastjórnar ... og aðra bankastjóra ...“.

Í 3. og 4. másl. 2. mgr. er að finna tvær meginreglur um lengd skipunartíma sama manns í embætti bankastjóra annars vegar og formanns bankastjórnar hins vegar. Þar eð formaður bankastjórnar er jafnframt bankastjóri kemur 3. másl. í veg fyrir að sami maður verði skipaður til að gegna þessum embættum t.d. í fjögur tímabil samtals. Í 5. másl. er þó að finna eitt frávik frá þessu með því að þar er lagt til að þeim sem skipaður hefur verið bankastjóri í tvígang megi þó skipa einu sinni enn ef honum er í það skipti jafnframt falin formennska bankastjórnar. Með því að hér er um undantekningu frá skipan 3. másl. að ræða er óheimilt að gagnálykta frá henni á þá lund að þeim sem einu sinni hefur verið skipaður bankastjóri megi fela að vera formaður bankastjórnar í tvö tímabil. Þetta á út af fyrir sig að vera skýrt og leiða af 5. másl. 2. mgr. greinarinnar, sbr. jafnframt aths. við hana, en sé talin ástæða til að hnykkja á þessu sérstaklega á má eftir atvikum bæta eftirfarandi við 3. másl. 2. mgr.

23. gr.

Í bankastjórn Seðlabanka Íslands sitja þrír bankastjórar og er einn þeirra formaður bankastjórnar. Bankastjórn ber ábyrgð á rekstri bankans og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum.

Forsætisráðherra skipar formann bankastjórnar Seðlabankans og aðra bankastjóra til sjö ára í senn. Ekki er skylt að auglýsa þessi embætti laus til umsóknar. Aðeins er heimilt að skipa sama mann bankastjóra tvisvar sinnum, sbr. þó 5. másl. þessarar málsgreinar. Sama á við um þann sem skipaður er formaður bankastjórnar. Hafi hann áður verið skipaður bankastjóri tvisvar sinnum verður hann þó aðeins einu sinni skipaður formaður bankastjórnar. Um endurskipun gilda ekki ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Forfallist bankastjóri þannig að bankastjórn sé ekki fullskipuð getur forsætisráðherra sett bankastjóra tímabundið í stað hans.

Undirskrift tveggja bankastjóra Seðlabankans þarf til þess að skuldbinda bankann. Þó er bankastjórn heimilt að veita tilteknum starfsmönnum umboð til þess að skuldbinda bankann með undirskrift sinni í tilteknum málefnum samkvæmt reglum sem hún setur og staðfestar skulu af bankaráði, sbr. 28. gr.

Um 23. gr.

Við skipun í embætti er almenna reglan að skipa í embætti til fimm ára í senn og ekki eru takmarkanir á því hversu oft megi skipa sama mann í embættið. Frá þessari reglu er vikið í frumvarpinu og gert ráð fyrir að bankastjórar Seðlabankans verði skipaðir til sjö ára í senn og að ekki verði heimilt að skipa þá oft en tvisvar eða samtals í fjórtán ár. Með því móti er leitast við að tryggja stöðugleika í starfsemi bankans en jafnframt að hæfileg endurnýjun verði í yfirstjórn bankans. Álitid er að jafnvægi verði milli nauðsynlegs stöðugleika og endurnýjunar með þessum hætti. Formaður bankastjórnar er skipaður af ráðherra. Í því felst breyting frá núgildandi Seðlabankalögum sem kveða á um að bankastjórn kjósi formann úr sínum hópi til þriggja ára í senn. Bankastjóra sem endurskipaður hefur verið í embætti, þ.e. hefur verið bankastjóri í meira en sjö ár, má skipa formann bankastjórnar til sjö ára frá gildis tókudegi skipunarinnar að telja. Þannig er fræðilega mögulegt að sami maður geti verið bankastjóri í allt að 21 ár, bankastjóri í allt að fjórtán ár og formaður bankastjórnar í sjö ár. Í nefndinni sem samdi frumvarpið var nokkuð rætt hvort breyta ætti stöðuheitum á þann veg að oddviti bankastjórnar yrði kallaður aðalbankastjóri en ekki formaður bankastjórnar. Ekki var efnislegur munur á þeim skilningi sem lagður var í hvort heiti um sig og niðurstaðan varð sú að halda því síðarnefnda.

Seðlabankastjórar

Danmörk	3
Noregur	1+1 aðstoðarbankastjóri
Svíþjóð	6
Finnland	6
England	1+2 aðstoðarbankastjórar
Nýja-Sjáland	1+2 aðstoðarbankastjórar